

Öryggisleiðbeiningar

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

SNICKERISLIP

Slippfélagið Málningarverksmiðja

Dugguvogi 4

Vörunúmer:

104 Reykjavík

4243 XXXX

Sími: 5 888 000

Bréfsími: 568 92 55

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

2. Samsetning - upplýsingar um innihald

Efni:	EINECS-nr.	CAS-nr.	magn (P %)	Varnaðarmerki	H.-setn. nr.	Mengunarmörk í lofti á vinnustað meðaltal mg/m ³
akrýl fjölliða	-	-	10-30	-	-	-
vatn	-	-	-	-	-	-

3. Varúðarupplýsingar

Efnið er ekki talið hættulegt.

4. Skyndihjálp

Almennt:

Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið þessar leiðbeiningar.

Snerting við húð:

Fjarlægjið menguð föt. Þvoið með sápu og miklu af vatni. Notið ekki þynna eða leysa.

Slettur í augu:

Fjarlægjið linsur ef þær eru notaðar. Skolið augun með miklu vatni í a.m.k. 15 mín., hafið augun opin á meðan. Leitið til læknis.

Inntaka:

Hafið samband við lækni ef mikið hefur verið tekið inn.

Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. Bruni - aðferðir við slökkvistarf

Viðeigandi slökkviefni:

froða, kolsýra, duft og vatnsúði.

6. Efnaleki

Haldið fólk fjarri. Notið viðeigandi persónuhlífar. Notið ísogsefni s.s. sand eða kísilgúr til að þrifa efnið upp. Efnið má ekki komast í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

7. Meðhöndlun og geymsla

Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun hættulegra efna.

Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar.

Geymið í vel luktum umbúðum á þurrum og vel loftræstum stað. Má ekki frjósa.

Fylgið fyrirmælum á umbúðum.

8. Eftirlit með mengun - persónuhlífar

Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Þörf getur verið á staðbundinni loftræstingu ef mengun er mikil.

Til hlífðar öndunarfærum: efnaþolnar öndunargrímur ef efninu er úðað.

Til hlífðar höndum: hanskar og græðandi krem.

Til hlífðar augum: gleraugu eða andlitshlíf. Hafið augnskol á vísun stað.

Notið viðeigandi vinnugalla og haldið honum aðskildum frá öðrum fatnaði.

Þvoið ykkur um hendur áður en hlé verður á vinnu (hvíldar- og matartímar).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Mælt skv.

Útlit: seigur vökvi

Litur: -

Eðlisþyngd: 1,32 g/cm³

Rúmþyngd: -

Gufuþrýstingur: -

Leysni í vatni: blandast

Hlutfall lífrænna leysa: -

pH-gildi: ~ 8

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við tilætlaða notkun. Við háan hita geta kol- og nituroxíð losnað úr efninu.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar

Efnið hefur ekki verið prófað en efnið er talið hættulaust. Lítilræði er af lífrænum leysum og ammonfaki. Ef mengun er mjög mikil (t.d. við sprautun) þá getur efnið ert öndunarfærin og til lengri tíma skemmt miðtaugakerfið. Með rétttri notkun, réttum persónuhlífum og góðri loftræstingu er engin hættu á ferðum.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg. Efnið hefur ekki verið prófað á lífverum.

13. Förgun

Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

14. Flutningur

Ekki þarf að merkja efnið sérstaklega vegna flutnings.

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Efnið er ekki merkingarskylt.

Þessar leiðbeiningar eru byggðar á eftirfarandi reglum:

498/1996

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar

Þessar upplýsingar eru gefnar samkvæmt tiltækum upplýsingum frá hráefnaframleiðendum. Þær eru settar fram skv. fyrirmælum Vinnueftirlits Ríkisins og í samræmi við íslenskar reglugerðir. Í sumum tilvikum ná íslenskar reglugerðir ekki yfir efnisþætti og var þá fylgt upplýsingum frá framleiðanda.

Þessar leiðbeiningar voru þýddar og staðfærðar af Sigurði Ásbjörnssyni fyrir framleiðanda.

Liðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægra horni.

" - " Þýðir að upplýsingar eru ekki tiltækar eða að viðkomandi liður eigi ekki við.